

Leikskólakennarar

Fjallabyggð



Fjallabyggð auglýsir eftirfarandi stöður lausar til umsóknar við Leikskóla Fjallabyggðar. Um er að ræða ótímabundnar ráðningar í 100% stöður nema um annað sé samið.

- Stöður leikskólakennara með deildarstjórn
- Stöður leikskólakennara

Næsti yfirmaður er leikskólastjóri.

Umsækjandi þarf að hafa leyfisbréf til notkunar á starfsheitinu kennari með áherslu eða reynslu á leikskólastarfi. Leitað er eftir einstaklingum sem eru tilbúnir til að viðhalda og byggja upp öflugt skólasamfélag af dugnaði og atorku samkvæmt gildandi fræðslustefnu, með virðingu, metnað og gleði að leiðarljósi.

Gildi skólasamfélagsins í Fjallabyggð eru: [Kraftur - Sköpun - Lífsgleði](#)

Umsækjandi þarf að veita leyfi til upplýsingaöflunar úr sakaskrá.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Félags leikskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Leikskóli Fjallabyggðar er 8 deilda leikskóli með um 120 nemendur og starfsstöðvar í Ólafsfirði og Siglufirði.

Í leikskólanum er meðal annars unnið með námsefnið Leikur að læra og Lífsleikni í leikskóla.

Nánari upplýsingar um leikskólann má finna á <http://leikskolifjallabyggdar.leikskolinn.is>

Umsóknarfrestur er til og með **10. mars 2021**.

Með umsókn skal skila starfsferilskrá, nöfnum tveggja umsagnaraðila og stuttri kynningu á umsækjanda.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Fjallabyggð áskilur sér rétt til að hætta við ráðningu í einstaka stöðu og auglýsa að nýju.

Bæjarfélagið Fjallabyggð varð til við sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar árið 2006.

Báðir bæjarkjarnar byggja afkomu sína að mestu á sjávarútvegi, vinnslu fiskafurða og ýmis konar þjónustu við þessar greinar. Í seinni tíð hefur fjölbreytnin í atvinnulífinu aukist og mikill vaxtarbroddur er í ferðaiðnaði.

Mikil náttúrufegurð er í Fjallabyggð og margar góðar gönguleiðir eru á svæðinu.

Á veturna er Fjallabyggð sannkölluð vetrar- og skíðaparadís og draumur útivistarmannsins.

Afþreyingarmöguleikar eru nánast ótæmandi. Í Fjallabyggð eru tveir níu holu golfvöllir og tvær sundlaugar, fjöldi safna og setra, gallería, veitingahúsa, hótela og verslana.

Þann 1. september 2020 voru íbúar Fjallabyggðar 2.000.

Nánari upplýsingar má finna á: www.fjallabyggd.is

Nánari upplýsingar veitir Olga Gísladóttir skólastjóri Leikskóla Fjallabyggðar í netfangi olga@fjallaskolar.is eða síma 848-7905.

Umsóknum skal skila á netfangið olga@fjallaskolar.is.

Fjallabyggð fagnar þér